

## **Borgarráð 22. ágúst 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingu á opnunartíma í Nauthólsvík MSS24080083**

Lagt er til að borgarráð samþykki að breyta opnunartíma í sjósundsaðstöðunni í Nauthólsvík þannig að hún verði áfram opin á sunnudögum og mánudögum.

### Greinargerð

Mikil aðsókn er í böðin. Sjósund er stór og mikilvægur liður í lífi fjölmargra enda hefur fjöldi manns fundið verulegan mun á andlegri og líkamlegri líðan við að stunda sjósund. Um er að ræða smáaur í stóra samhenginu. Flokkur fólksins hefur ítrekað mótmælt skerðingum á opnunartíma mikilvægrar þjónustu eins og í sundlaugum og bókasöfnum og mótmælir nú skerðingu á opnunartíma í sjósundböð